

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2020/857****2021/EES/28/07****frá 17. júní 2020****um meginreglurnar sem eiga að vera hluti af samningnum milli framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og skráningarstofu höfuðlénsins .eu í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/517 (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/517 frá 19. mars 2019 um að taka í notkun höfuðlénið .eu og hlutverk þess og um breytingu og niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 733/2002 sem og niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 874/2004 <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 8. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Markmiðið með þessari reglugerð er að setja fram meginreglurnar sem eiga að vera hluti af samningnum milli framkvæmdastjórnarinnar og skráningarstofunnar varðandi skipulag, stjórnarsýslu og stjórnun þeirrar síðarnefndu á höfuðléninu .eu (e. *eu top-level domain*).
- 2) Skráningarstofan ætti að stjórna höfuðléninu .eu þannig að það eflí auðkenni Sambandsins, auki skilning á gildum þess á Netinu og stuðli að notkun lénsheitisins .eu.
- 3) Til að auka aðgengileika og notkun höfuðlénsins .eu meðal allra þeirra sem eru hæfir til að skrá höfuðlén .eu, samkvæmt reglugerð (ESB) 2019/517, ætti skráningarstofan, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, að bjóða skráningaraðilum þjónustu á tilteknum landfræðilegum svæðum, sem standa höllum fæti í Sambandinu, eða tilteknum flokkum notenda sem framkvæmdastjórnin tilgreinir.
- 4) Til að uppfylla skyldurnar, sem settar eru fram í reglugerð (ESB) 2019/517, er mikilvægt að skráningarstofan tryggi, í samstarfi við framkvæmdastjórnina og að teknu tilliti til álita ráðgjafarhóps á sviði fjölgagsmuna, sem komið var á fót með reglugerð (ESB) 2019/517, góða stjórnunarhætti höfuðlénsins .eu þegar framkvæmdastjórnin fer þess á leit.
- 5) Til að tryggja samkeppnishæfni og víðtæka notkun höfuðlénsins .eu ætti skráningarstofan að byggja upp sérfræðipækkingu á sviði rekstrar og tryggja þjónustu af miklum gæðum á samkeppnishæfu verði. Hún ætti að tryggja traust, öryggi og neytendavernd með því að nota nýjustu aðferðafræði og tækniþekkingu og eiga samstarf við lögbær yfirvöld.
- 6) Skráningarstofan ætti að stjórna fjárlögum sínum í samræmi við meginregluna um trausta fjármálastjórnun, nánar tiltekið í samræmi við meginreglurnar um ráðdeild, skilvirkni og árangur. Færa ætti allar árlegar tekjur umfram kostnað og fjárfestingar á fjárlagalið Sambandsins.
- 7) Skráningarstofan ætti að tryggja samfellu í þjónustu sinni og starfsemi höfuðlénsins .eu. Í þessu skyni ætti skráningarstofan að gera áætlun um endurreisn rekstrar og uppfæra hana reglulega.
- 8) Skráningarstofan ætti að stuðla að markmiðum Sambandsins fyrir stjórnunarhætti Netsins, samkvæmt ályktun ráðsins frá 27. nóvember 2014, sem ber yfirskriftina „Stjórnunarhættir Netsins“ og orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um stefnumið og stjórnunarhætti Netsins - Hlutverk Evrópusambandsins við að móta framtíð stjórnunarháttá Netsins <sup>(2)</sup>. Að beiðni framkvæmdastjórnarinnar er skráningarstofunni heimilt að leggja til hliðar árlegar umframtekjur til að fjármagna markmið fyrir stjórnunarhætti Netsins.
- 9) Til að auka tiltrú almennings á netumhverfinu og vernda lögmæt réttindi, eins og þau eru skilgreind í lögum Sambandsins, ætti skráningarstofan að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir og berjast gegn skráningum sem gerðar eru í spákaupmennsku- og misnotkunarskyni. Skráningarstofan ætti í því samhengi að eiga samstarf við Hugverkastofu Evrópusambandsins og aðrar sérstofnanir Sambandsins.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 195, 19.6.2020, bls. 52. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 119/2021 frá 19. mars 2021 um breytingu á XI. viðauka (Rafrenn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn (bíður birtingar).

<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 91, 29.3. 2019, bls. 25.

<sup>(2)</sup> COM/2014/072.

- 10) Með það fyrir augum að auka tiltrú endanlegra notenda á höfuðléninu .eu og tryggja öfluga neytendavernd ætti skráningarstofan, í tengslum við veitingu þjónustu sinnar, að gera ráðstafanir til að tryggja netöryggi kerfanna.
- 11) Skráningarstofan ætti að beita einföldum og skilvirkum málsmeðferðarreglum við lausn deilumál vegna samninga varðandi lénsheiti .eu.
- 12) Með hliðsjón af því að tryggja öryggi, stöðugleika og viðnámsþol lénsheitakerfisins er mikilvægt að viðhalda nákvæmum gagnagrunnum um lénsheiti og skráningargögn og veita löglegan aðgang að slíkum gögnum í samræmi við reglur Sambandsins um gagnavernd. Í þessu skyni ætti skráningarstofan að safna og tryggja heilleika og tiltækileika WHOIS-gagnanna fyrir höfuðléninu .eu og gera aðgang að þeim gögnum löglegan á viðeigandi hátt og í samræmi við reglur Sambandsins um gagnavernd. Auk þess ætti skráningarstofan að gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir og leiðrétta ónákvæm skráningargögn.
- 13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fjarskiptanefndarinnar (COCOM) sem komið var á fót samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1972 <sup>(3)</sup>.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### *1. gr.*

##### **Efni**

Með þessari reglugerð eru ákvarðaðar meginreglurnar, sem eiga að vera hluti af samningnum milli framkvæmdastjórnarinnar og skráningarstofunnar varðandi skipulag, stjórnarsýslu og stjórnun þeirrar síðarnefndu á höfuðléninu .eu, í samræmi við reglugerð (ESB) 2019/517.

##### *2. gr.*

##### **Að auka skilning á gildum Sambandsins á Netinu**

1. Skráningarstofan skal stuðla að því að efla auðkenni Sambandsins og auka skilning á gildum þess á Netinu. Skráningarstofan skal einkum, með stefnumiðum og samskiptum sínum við skráningaraðila, réttthafa lénsheitis og aðra hagsmunaaðila, stuðla að vísýni, nýsköpun, fjöltyngi og aðgengileika, tjáningar- og upplýsingafrelsi, virðingu fyrir mannréttindum og réttarreglum og skal gera ráðstafanir til að stuðla að öryggi notenda á Netinu og til að virða friðhelgi einkalífs notenda.
2. Skráningarstofan skal hvetja til notkunar allra opinberra tungumála Sambandsins með virkum hætti.

##### *3. gr.*

##### **Að efla höfuðléninu .eu**

1. Í því skyni að styðja stafræna innri markaðinn, að byggja upp evrópskt auðkenni á Netinu og hvetja til netnotkunar yfir landamæri skal skráningarstofan auka vitund um og stuðla að notkun höfuðlénsins .eu innan alls Sambandsins
2. Til að stuðla að notkun höfuðlénsins .eu á tilteknum landfræðilegum svæðum, sem standa höllum fæti í Sambandinu, eða meðal tiltekinna flokka réttthafa lénsheitis skal skráningarstofan, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, gegna hlutverki skráningaraðila með því að veita þjónustu varðandi skráningu lénsheitis beint til réttthafa lénsheitis. Þessi starfsemi skal takmörkuð við þau landfræðilegu svæði og þá flokka réttthafa lénsheitis sem framkvæmdastjórnin tilgreinir.
3. Skráningarstofan skal stuðla að notkun höfuðlénsins .eu í öllum tiltækum afbrigðum sínum og á öllum evrópskum tungumálum.

<sup>(3)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1972 frá 11. desember 2018 um setningu evrópskra reglna um rafræn fjarskipti (Stjtíð. ESB L 321, 17.12.2018, bls. 36).

*4. gr.***Góðir stjórnunarhættir**

1. Skráningarstofan skal tryggja góða stjórnunarhætti í tengslum við höfuðlénid .eu. Innra eftirlits- og stjórnunarkerfi skráningarstofunnar skal tryggja viðtæka þátttöku hagsmunaaðila sem og skilvirkni, árangur, ábyrgð, gagnsæi og viðbragðsflýti.
2. Til að leiðrétta eða bæta skipulag, stjórnsýslu og stjórnun í tengslum við höfuðlénid .eu skal skráningarstofan ráðfæra sig við, eiga samstarf við og framkvæma tiltekin fyrirmæli frá framkvæmdastjórninni varðandi höfuðlénid .eu og taka tillit til álita ráðgjafarhópsins á sviði fjölhagsmuna þegar framkvæmdastjórnin óskar eftir því.

*5. gr.***Góð stjórnun**

1. Skráningarstofan skal stjórna höfuðléninu .eu í þágu almennings með það fyrir augum að auka tiltrú almennings á netumhverfinu.
2. Skráningarstofan skal leitast við að byggja upp sérfræðipækkingu á sviði rekstrar og tryggja þjónustu af miklum gæðum á samkeppnishæfu verði.
3. Skráningarstofan skal innleiða málsmeðferðarreglur til að tryggja að stjórnun og stjórnsýsla í tengslum við höfuðlénid .eu uppfylli meginreglurnar um gagnsæi, öryggi, stöðugleika, fyrirsjáanleika, áreiðanleika, aðgengileika, skilvirkni, bann við mismunun, sanngjörn samkeppnisskilyrði og neytendavernd í samræmi við lög Sambandsins.
4. Skráningarstofan skal samþykkja málsmeðferðarreglur til að tryggja að hún veiti skráningaraðilum þjónustu og upplýsingar samkvæmt sömu skilyrðum og af sömu gæðum sem hún veitir í tengslum við hlutverk sitt sem skráningaraðili í samræmi við 2. mgr. 3. gr.
5. Skráningarstofan skal stjórna höfuðléninu .eu í samræmi við meginregluna um trausta fjármálastjórnun. Skráningarstofan skal, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, leggja fram gögn um að farið sé að þeim meginreglum, einkum að því er varðar úthlutun fjármagns og mannaúðs í tengslum við framkvæmd samningsins. Skráningarstofan skal gangast undir utanaðkomandi úttekt a.m.k. annað hvert ár.
6. Skráningarstofan skal bjóða fram þjónustu sína á öllum opinberum tungumálum Sambandsins.

*6. gr.***Öryggis- og neytendavernd**

1. Skráningarstofan skal tryggja hátt öryggisstig fyrir net- og upplýsingakerfin sem hún starfrækir við stjórnun höfuðlénsins .eu. Hún skal í þessu sambandi innleiða tiltekin stefnumið og fara að nýjustu tækni við áhættustýringu netöryggis.
2. Skráningarstofan skal samþykkja áætlun til að tryggja samfellu rekstrarins og endurreisn hans með skriflegu fyrirframsamkomulagi við framkvæmdastjórnina. Skráningarstofan skal endurskoða áætlunina reglulega samkvæmt skriflegu fyrirframsamkomulagi við framkvæmdastjórnina.
3. Skráningarstofan skal:
  - a) sjá skráningaraðilum og rétt höfum lénsheitis fyrir nýjustu tækjum og tækniþækkingu svo þeir geti varist öryggisögnum á Netinu,
  - b) beita þróuðum aðferðum til að koma í veg fyrir skráningar sem gerðar eru í misnotkunarskyni.

*7. gr.***Gjöld og tekjur umfram gjöld**

1. Skráningarstofan skal tilkynna framkvæmdastjórninni fyrir fram um gjöld sem hún hyggst innheimta fyrir skráningu lénsheitis .eu og hvernig þau tengjast þeim kostnaði sem stofnað er til. Skráningarstofan skal birta gjöldin.

- Við lok hvers uppgjörsárs skal skráningarstofan færa allar skráðar tekjur umfram gjöld, sem hún notar ekki til að fjárfesta í bættum gæðum eigin þjónustu eða til að stuðla að markmiðum Sambandsins á sviði stjórnunarháttá Netsins, á fjárlagalið Sambandsins.
- Skráningarstofan skal tilkynna framkvæmdastjórninni um áætlaða fjárhæð sem nota á til fjárfestingar, og sem fyrirhugað er að draga frá mögulegum tekjum umfram gjöld, sem færa skal á fjárlagalið Sambandsins.

8. gr.

#### **Stjórnunarháttir Netsins**

- Skráningarstofan skal stuðla að markmiðum Sambandsins innan stjórnunarháttá Netsins. Hún skal í því samhengi starfa með framkvæmdastjórninni og taka tillit til álitanna, sem ráðgjafarhópur .eu á sviði fjölgagsmuna birtir, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar.
- Að beiðni framkvæmdastjórnarinnar skal skráningarstofan setja til hliðar hluta af tekjum umfram gjöld, sem koma til vegna höfuðlénisins .eu, til að stuðla að markmiðum Sambandsins á sviði stjórnunarháttá Netsins.
- Skráningarstofan skal innleiða ítarlega áætlun til að fjármagna markmið á sviði stjórnunarháttá Netsins. Hún skal samþykka áætlunina með skriflegu fyrirframsamkomulagi við framkvæmdastjórnina.

9. gr.

#### **Skráningar sem gerðar eru í spákaupmennsku- og misnotkunarskyni**

- Skráningarstofan skal innleiða stefnumið og málsmeðferðarreglur til að draga, með virkum hætti, úr skráningu lénsheita undir höfuðléninu .eu sem gerðar eru í spákaupmennsku- og misnotkunarskyni í samræmi við b-, c- og e-lið 11. gr. reglugerðar (ESB) 2019/517. Skráningarstofan skal í því samhengi eiga samstarf við Hugverkastofu Evrópusambandsins og aðrar sérstofnanir Sambandsins.
- Skráningarstofan skal a.m.k. taka tillit til þeirra hugverkaréttinda sem falla undir yfirlýsingu framkvæmdastjórnarinnar 2005/295/EB<sup>(4)</sup>, þ.m.t. höfundarréttar, vörumerkja og landfræðilegra merkinga, sem kveðið er á um í lögum Sambandsins eða landslögum, og, að svo miklu leyti sem þau njóta verndar samkvæmt lögum í aðildarríkjunum sem þau tilheyra: óskráð vörumerki, viðskiptaheiti, auðkenni fyrirtækja, fyrirtækjaheiti, kenninöfn ásamt auðkennandi titlum verndaðra bókmenntaverka og annarra listaverka.
- Til að draga úr skráningum lénsheita, sem gerðar eru í spákaupmennsku- og misnotkunarskyni, skal skráningarstofan innleiða stefnumið og málsmeðferðarreglur sem tryggja að skráningargögnin séu nákvæm, einkum gögn sem staðfesta deili á rétt höfum lénsheitis. Skráningarstofan skal tryggja að skráningaraðilar stjórni skráningum í samræmi við meginreglurnar um öryggi og nákvæmni gagna og í samræmi við lög Sambandsins.
- Skráningarstofan skal innleiða stefnumið og málsmeðferðarreglur varðandi beiðni um skráningu, sannprófun viðmiðana um skráningu og gagna rétthafa lénsheitis sem skal tryggja að hvers konar sannprófun upplýsinga eigi sér stað fyrir skráninguna eða í framhaldi af henni, að frumkvæði skráningarstofunnar, eða í kjölfar ágreinings vegna skráningar viðkomandi lénsheitis.

10. gr.

#### **Afturköllun lénsheita**

- Skráningarstofan skal innleiða stefnumið og málsmeðferðarreglur um afturköllun lénsheita, að eigin frumkvæði, eins og lýst er í 3. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2019/517, eða með því að nota viðeigandi málsmeðferð utan dómstóla eða dómsmeðferð. Skráningarstofan skal einkum afturkalla lénsheiti sem hafa verið skráð án réttar til heitisins eða lögmætra hagsmuna í heitinu eða sem notuð eru gegn betri vitund.
- Málsmeðferðin við afturköllun lénsheita skal innihalda tilkynningu til handhafa lénsheitisins og gefa handhafanum tækifæri til að gera viðeigandi ráðstafanir.

<sup>(4)</sup> Yfirlýsing framkvæmdastjórnarinnar varðandi 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/48/EB um framfylgd hugverkaréttinda (Stjútíð. ESB L 94, 13.4.2005, bls. 37).

*11. gr.***Málsmeðferð til lausnar deilumálum utan dómstóla**

1. Skráningarstofan skal bjóða upp á einfaldar, aðgengilegar, skilvirkar og samræmdar málsmeðferðarreglur til að leysa deilumál í tengslum við skráningu lénsheita .eu.
2. Reglur um málsmeðferð við lausn deilumála utan dómstóla, sem skráningarstofan samþykkir, skulu uppfylla ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/11/ESB <sup>(5)</sup>. Með þeim skal tekið tillit til bestu alþjóðlegu starfsvenjanna á þessu sviði, þ.m.t. viðeigandi tilmæla Alþjóðahugverkastofnunarinnar og þær skulu virða samræmdar málsmeðferðarreglur sem samrýmast þeim sem settar eru fram í samræmdri stefnu ICANN-netfyrirtækisins um lausn deilumála utan dómstóla að því er varðar lénsheiti.
3. Skráningarstofunni er heimilt að velja virta aðila, sem annast lausn deilumála utan dómstóla, með nauðsynlega sérþekkingu. Valaðferðin skal vera hlutlæg, gagnsæ og án mismununar. Skráningarstofan skal birta skrá yfir þessa aðila.

*12. gr.***Gagnagrunnar fyrir lénsheiti og skráningargögn**

1. Skráningarstofan skal innleiða stefnumið og málsmeðferðarreglur til að tryggja að WHOIS-gagnagrunnurinn innihaldi nákvæmar og uppfærðar upplýsingar og til að tryggja að birting þessara gagna og aðgangur að þeim samrýmist reglu Sambandsins um gagnavernd.
2. Vísitandi veiting ónákvæmra upplýsinga skal vera næg ástæða til þess að telja skráningu lénsheitis brjóta gegn skilmálum skráningarinnar.

*13. gr.***Samstarf við lögbær yfirvöld**

1. Skráningarstofan skal eiga samstarf við lögbær yfirvöld í baráttunni gegn tölvubrotum. Hún skal einnig eiga samstarf við lögbær yfirvöld sem og opinbera aðila og einkaaðila sem taka þátt í baráttunni gegn skráningum, sem gerðar eru í spákaupmennsku- og misnotkunarskyni, á sviði netöryggis og upplýsingaöryggis, neytendaverndar og verndar grundvallarréttinda. Hún skal veita lögbærum yfirvöldum og opinberum aðilum aðgang að gögnum í samræmi við lög Sambandsins eða landslög sem virða lög Sambandsins, þ.m.t. í samræmi við dómsúrskurði eða úrskurði lögbærra yfirvalda með nauðsynlegar heimildir.
2. Skráningarstofan skal setja málsmeðferðarreglur til að greiða fyrir samstarfi við lögbær yfirvöld sem og við opinbera aðila og einkaaðila.

*14. gr.***Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. júní 2020.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

<sup>(5)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/11/ESB frá 21. maí 2013 um lausn deilumála neytenda utan dómstóla og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2006/2004 og tilskipun 2009/22/EB (Stjtíð. ESB L 165, 18.6.2013, bls. 63).